



Fjarðabyggð

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007- 2027

NORÐFJARÐARHÖFN

GREINARGERÐ 03.06.2015

Skipulagstillagan er sett fram í meðfylgjandi greinargerð með umhverfisskýrslu og á upprætti dags. 03.06.2015.

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	2
2. Forsendur	2
3. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi	3
4. Málsmeðferð:	3
5. Umhverfisskýrsla	4
5.1. Tengsl við aðra áætlanagerð (a-liður)	4
5.2. Umhverfisvandamál sem varða áætlunina (d-liður) og umhverfisþættir sem varða breytinguna (b- og c- liður)	4
5.3. Umhverfisverndarmarkmið (e-liður)	6
5.4. Mat á líklegum umhverfisáhrifum (f- og h- liður)	6

1. Inngangur

Fyrirhugað er að breyta aðalskipulagi og stækka hafnarsvæðið á Norðfirði. Breytingin nær til þéttbýlisuppráttar Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007 - 2027. Þar er svæði H1, hafnarsvæði, stækkað og viðeigandi breyting gerð í greinargerð.

Stækkun hafnarsvæðisins í aðalskipulaginu er 7,4 ha en landnotkun á því svæði er nánar útfærð í tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarinnar; „Naust 1 – Norðfjarðarhöfn og nágrenni“, dags. 03.06.2015. Sú breyting er auglýst samhliða tillögu að breytingu aðalskipulagsins. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni verður gerð ný landfylling á hluta svæðisins, hafnargarður verður áfram en hluti svæðisins verður áfram hafsvæði (sjór).

2. Forsendur

Eftirspurn er eftir auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi í Norðfjarðarhöfn. Innan núverandi hafnar er ekki auðvelt að koma fyrir starfsemi með góðu aðgengi að hafnarkanti en sveitarfélagið hefur áhuga á að bjóða upp á slíkar lóðir. Einhverjir möguleikar eru á núverandi hafnarsvæði en þröngt um þá. Meginmarkmið breytingar á aðal- og deiliskipulagi er að geta boðið upp á nýjar lóðir og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi með greiðu aðgengi að hafnarkanti.

Ný landfylling er áformuð norðaustan við núverandi hafnarmannvirki. Aðkoma að svæðinu yrði um Landanaust og á milli lóða 45 og 51 við Naustahvamm. Á lóðum við Naustahvamm 53, 55 og 57 eru lýsis-og olíutankar, á lóð nr. 51 er söfnunarstöð fyrir sorp til förgunar og endurvinnslu og á lóð við Naustahvamm 45 er geymsluhúsnæði. Landfyllingin er áætluð 26.350 m² að flatarmáli og um 218.200 m³ að rúmmáli. Gengið verður frá landfyllingunni með stálkanti sem mun ná niður á -10 m dýpi. Gert er ráð fyrir að efni í hana verði fengið frá fjórum stöðum, tveimur á landi og tveimur í sjó. Að neðan er gerð grein fyrir áætluðu umfangi efnisnáms frá hverjum stað:

1. Skuggahlíð (auðkennd E5 í aðalskipulagi Fjarðabyggðar) eða úr núverandi grjótvörn: Að mestu grjót og kjarni, um 1.700m³.
2. Dýpkunarefni vegna framkvæmdar og í höfn, áætlað um 113.000 m³.
3. Viðfjörður, um 83.500 m³.
4. Fyllingarefni sem til fellur á landi og úr námu við Norðfjarðará 20.000 m³.

Nánar er gerð grein fyrir starfsemi og skilmálum í deiliskipulagsbreytingu sem er kynnt og auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

Ströndin er manngerð og með grjótnargarði. Áður hafa lækir runnið til sjávar við ströndina en eftir að núverandi landfylling var gerð hafa þeir verið sameinaðir og renna þeir nú meðfram götunni Naustahvamm og fara svo í einum farvegi til sjávar.

Frá því að aðalskipulag Fjarðabyggðar var staðfest hefur verið gerð ein breyting á skipulagi hafnarinnar dags. 21.03.2015. Á uppdrætti sem fylgdi þeirri breytingu var fyrir mistök sýndur stofnvegur frá norðaustri til suðvesturs auk þess sem ár og vötn voru ekki sýnd á uppdrættinum. Þetta hefur nú verið leiðrétt í þessari aðalskipulagsbreytingu.

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins og þau svæði sem um ræðir eru ekki á náttúruverndaráætlun, friðlýst eða á náttúruminjaskrá.

Stækkað hafnarsvæði er að mestu á eða við hættusvæði A og B vegna náttúruvár en lítið svæði fellur undir hættusvæði C. Áformuð landnotkun á svæðinu tekur mið af þekktri hættu af ofanflóðum en frekari grein er gerð fyrir áformaðri landnotkun á svæðinu í tillögunni að breytingu á deiliskipulagi, sem auglýst er samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Innan hættusvæðis C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða vinnu. Heimilt er að breyta núverandi húsnæði þannig að heildaráhætta aukist ekki.

3. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Lagt er til að í kafla 9.2.7 í aðalskipulaginu verði gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Hafnarsvæði H1 á þéttbýlisuppdrætti fyrir Norðfjörð er stækkað um 7,4 ha þar sem rými verður fyrir hafnarsvæði á landfyllingu, sjóvarnargarða og bryggju.

2. Við núverandi texta í töflu í kafla 9.2.7 í greinargerð aðalskipulags um Hafnarsvæði H1 bætist eftirfarandi við skilmála:

„Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir sjóvarnargörðum og landfyllingu. Á svæðinu er heimilt að staðsetja flokkunarmiðstöð (gámavöll) og skólþælu- og hreinsistöð“.

Hér er taflan sýnd með breytingu (feitletruð).

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæðið
H1	Starfsemi tengd fiski- og vöruflutningahöfn og smábátahöfn. Efsti hluti svæðisins er hættusvæði B, miðhlutinn er hættusvæði A og neðsti hlutinn er utan hættusvæða, sjá kafla 9.2.14.	Svæðið nýtist til hafnsækkinnar atvinnustarfsemi. Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir sjóvarnargörðum og landfyllingu. Á svæðinu er heimilt að staðsetja flokkunarmiðstöð (gámavöll) og skólþælu- og hreinsistöð. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.

4. Málsmeðferð

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulags- og matslýsingar. Lýsingin var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Hún var jafnframt auglýst í Dagskrá og Austurglugganum og á vef Fjarðabyggðar. Engar athugasemdir bárust vegna lýsingarinnar.

Tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á vinnslustigi voru kynntar samtímis að lokinni umfjöllun í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd þann 23. febrúar 2015. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á tillögunni eftir kynningartímann. M.a. var brugðist við ábendingu um að það þyrfti að bæta inn í skilmála um hafnarsvæði H1 að þar væri heimilt að hafa skólpaðlu- og hreinsistöð og flokkunarmiðstöð (gámavöll) þó meginlandnotkun svæðisins verði eftir sem áður hafnarstarfsemi. Þá barst ábending frá Skipulagsstofnun um að vísa á milli skipulagsgagna og huga að hættumati þess svæðis sem ætlað væri undir landfyllingu. Nánari umfjöllun um umfang landfyllingar og hættumat er í tillögu að breytingu á deiliskipulagi en samkvæmt henni er einungis gert ráð fyrir landfyllingu og sjóvarnargarði á hluta þess svæðis sem H1 er stækkað um skv. þessari tillögu. Veðurstofan fékk deiliskipulagið til skoðunar á kynningartíma þess og taldi að ekki væri þörf á að framlengja hættusvæði A og B vegna þessara áforma. Veðurstofan mun fá aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagsbreytinguna til umsagnar á auglýsingatíma tillagnanna.

5. Umhverfisskýrsla

Áformuð aðalskipulagsbreyting fellur undir lög nr. 106/2006 um umhverfismat áætlna. Í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum tillögunnar. Skýrslan er byggð upp eftir liðum a-j í 6 gr. laganna þar sem fram kemur hvað skuli koma fram í umhverfisskýrslu.

5.1. Tengsl við aðra áætlanagerð (a-liður)

Tillaga um aðalskipulagsbreytingu er gerð í tengslum við hugmyndir um stækkun hafnaraðstöðu Norðfjarðarhafnar með landfyllingu. Nánari útfærsla er sett fram í deiliskipulagi „*Naust 1 – Norðfjarðarhöfn og nágrenni*“, þar sem settir eru nánari skilmálar um mannvirki, landnotkun, nýtingu o.fl. eftir því sem við á og þær skipulagsforsendur aðrar sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Í samgönguáætlun 2011-2022 er skilgreint grunnnet samgangna en til þess teljast helstu hafnir og ferju- og siglingaleiðir til og frá landinu. Norðfjarðarhöfn er skilgreind sem höfn í grunnneti. Tillagan er í samræmi við samgönguáætlun.

5.2. Umhverfisvandamál sem varða áætlunina (d-liður) og umhverfisþættir sem varða breytinguna (b- og c- liður)

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af breytingu á stefnumörkun aðalskipulagsins eða framkvæmdum byggðum á þeim eru:

- *Vatnafar og lífríki*, vegna nýrrar landfyllingar á strandsvæði .
- *Minjar og landslag vegna* nýrrar landfyllingar, efnistöku og stækkunar hafnarsvæðis.
- *Öryggi*, þar sem landnotkun skal hagað með tilliti til náttúruvár og svæðið er innan hættusvæðis A, B og C.

Ströndin á skipulagssvæðinu er röskuð og þar er nú grjótnargardur. Við sjóinn voru áður mörg naust, þó líklegt sé að þau séu að mestu horfin undir veg og hafnarmannvirki. Nokkrar menningarminjar eru sýnilegar við þjóðveginn m.a. bæjarhóll býlisins Naustahvamms og tóftir sem mögulega tengjast því. Þær minjar eru utan þess svæðis sem breytingin nær til. Ekki eru heimildir um minjar neðansjárvar.¹ Efni í landfyllinguna verður að mestu fengið með dýpkunarframkvæmdum í

¹ Sjá umsögn Minjastofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna stækkunar hafnarsvæðis á Norðfirði.

höfninni og úr Viðfirði. Nánar er gerð grein fyrir stærð landfyllingar og efnistöku vegna hennar í deiliskipulagi.

Við matið er notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð	++ Jákvæð áhrif á viðmið umhverfisþáttar
Nokkuð jákvæð	+ Nokkuð jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn
Hlutlaus	0 Hlutlaus áhrif á umhverfisþáttinn
Nokkuð neikvæð	÷ Nokkuð neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn
Neikvæð	÷÷ Neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn
Óvissa	? Áhrif eru óviss og ráðast m.a. af nánari útfærslu skipulags

Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu, hvort þau ná til fjölda fólks, hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Litið er til viðmiða úr stefnu stjórnvalda við mat á umhverfisáhrifum þessarar tillögu um breytingu á aðalskipulagi. Í tillögunni felst að á svæðinu verði almenn hafnarstarfsemi eins og hún er skilgreind í gildandi aðalskipulagi.

Litið er til eftirfarandi viðmiða við mat á umhverfisáhrifum af breytingum á aðalskipulagi:

Vatnafar og lífríki

Viðmið:

Verndun líffræðilegs fjölbreytileika, bæði tegunda og vistgerða (VEL, LÍF).

Forðast að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands (VEL).

Vernda gæði vatns; neysluvatns, yfirborðsvatns, vötn, ár, læki og ströndina (VEL).

Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki (VEL).

Forðast að byggja á/raska óhreyfðu landi (LÍF).

Svæði á náttúruverndaráætlun (NÁT).

Friðlýst svæði (FRI)

Svæði á náttúruminjasrá (NÁM)

Minjar og landslag

Viðmið:

Við hönnun, skipulag og byggingaframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggi að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni (MAN).

Vernda og bæta menningararf sem felst í menningarminjum, byggingum og fornleifum (FER).

Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæði, lands eða heimsvísu (VEL).

Tryggja verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi (MAN).

Öryggi

Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár og tekið tillit til fyrirliggjandi hættumats á vásvæðum (VEL).

Skammstafanir vísa til eftirtaldinna áætlana og eftirfarandi lög eru lögð eru til grundvallar:

- Ferðamálaáætlun 2011-2020 (FER).
- Friðlýst svæði (FRI).
- Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (LÍF).

- Menningarstefna í mannvirkjagerð (MAN).
- Náttúruminjaskrá (NÁM).
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013 (VEL)
- Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.
- Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.
- Skipulagslög, nr. 123/2010.
- Lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.
- Lög um stjórn vatnamála, nr. 15/2011.
- Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

5.3. Umhverfisverndarmarkmið (e-liður)

Á skipulagssvæðinu eru engin vernduð svæði og engar þekktar minjar. Hafnarsvæðið stækkar út yfir svæði þar sem núna er sjór og „en ekki eru heimildir um neðansjávarminjar á því svæði, hvorki flök né annað“.² Ströndinni og svæðinu upp af henni hefur nú þegar verið raskað og litlar líkur á að einhverjar minjar séu fyrir hendi. Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) skal sá sem finnur áður ókunnar minjar við framkvæmdir, stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun.

5.4. Mat á líklegum umhverfisáhrifum (f- og h- liður)

Í skipulagsferlinu var skoðað hvort að rými væri fyrir nýjar lóðir fyrir hafnsækna starfsemi innan Norðfjarðarhafnar. Niðurstaðan var sú að ekki væri hægt að koma fyrir slíkri starfsemi vegna plássleysis innan núverandi hafnar. Stækkun hafnarsvæðisins til suðurs takmarkast af flugvellingum sem þar er fyrir og ósi Norðfjarðarár. Litið var svo á að stækkun hafnarsvæðisins með landfyllingu til norðausturs væri besti kosturinn. Í umhverfismatinu er stækkun hafnar á Norðfirði með landfyllingu borin saman við núll kost sem felur í sér óbreytt skipulag. Horft er til áhrifa á þá umhverfisþætti sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af breytingu á stefnumörkun og viðkvæmni þeirra fyrir breytingum.

Aðalskipulagið felur í sér stækkun hafnarsvæðis og að á því svæði verði hafnarstarfsemi af sama tagi og þegar er skilgreind í gildandi skipulagi. Stækkun hafnarsvæðisins er í tengslum við núverandi höfn og á svæði þar sem strandlengjunni hefur nú þegar verið raskað og þar gerðir grjótnargarðar. Sjónræn áhrif vegna stækkaðs hafnarsvæðis verða nokkur þar sem mannvirki koma í stað hafflatar. Á landi næst ströndinni hefur öllu yfirborði verið raskað og þar eru engar þekktar minjar. Engar þekktar minjar eru neðansjávar og engar heimildir um að lífríki á því svæði þar sem landfyllingin er áformuð sé sérstætt.

Efni í landfyllingu verður að mestu fengið með dýpkunarframkvæmdum úr höfninni og af hafsbotni í Viðfirði. Öll efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan netlaga. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimilt að óska leyfis til efnistöku úr árfarvegum og úr sjó innan netlaga, án þess að þau svæði hafi verið auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulagi. Þetta ákvæði á við alla árfarvegi og svæði í sjó (innan

² Sjá umsögn Minjastofnunar um skipulag- og matslýsingu vegna stækkunar hafnarsvæðis á Norðfirði, v/deiliskipulags og aðalskipulags, dags. 12. febrúar 2015.

netlaga) þar sem uppfyllt eru skilyrði til framkvæmdaleyfis og sækja þarf um leyfi til efnistöku.³ Öll efnistaka í sjó hefur í för með sér röskun og áhrif á lífríki eru háð óvissu.

Stækkað hafnarsvæði, þar sem sem áformaðar eru landfyllingar og sjóvarnargarður, eru á svæði undir náttúruvá, hættusvæði A og B og framan við þau. Skipulagsákvæði fyrir hættusvæðin eru í greinargerð aðalskipulags Fjarðabyggðar. Áformuð landnotkun á svæðinu tekur mið af þekktri hættu á ofanflóðum en frekari grein er gerð fyrir áformaðri landnotkun á svæðinu í tillögu að breytingu á deiliskipulagi, sem auglýst er samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Umhverfisáhrif: Líkur eru á því að stækkun hafnarsvæðis Norðfjarðarhafnar með landfyllingu og grjótnargarði hafi nokkuð neikvæð áhrif á landslag þar sem mannvirki koma í stað hafflatar. Áhrif á lífríki eru óviss, en áhrif á öryggi eru hlutlaus.

	Vatnafar og lífríki	Minjar og landslag	Öryggi
Stækkun Norðfjarðarhafnar með landfyllingu	?	+	0

³ Sjá nánar umfjöllun í kafla 5.5.2. í greinargerð aðalskipulags.